



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : San Miguel de Salinas

Izóna : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2024

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 237,38 m²

Stærð lóðar : 371,38 m²

Stærð verandar : 35,88 m²

Stærð þaksvala : 34,43 m²

Flugvöllur : 30 min

Strönd : 10 min

Borg : 7 min

Golf : 5 min

- ✓ Geymsla
- ✓ Verönd
- ✓ Loftkæling

- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Þaksvallir

- ✓ Kjallari
- ✓ Heimilistæki

Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara í rólegu úthverfi í San Miguel. Í húsinu eru 3 rúmgóð svefnherbergi með innbyggðum fataskápum og 3 baðherbergi með gólfhita, einnig fylgir mjög rúmgóður kjallari þar sem hægt væri að útbúa tómstundaherbergi, líkamsrækt, heima bíó eða jafnvel vinkjallara. Mjög stór garður fylgir einnig, en í honum er að finna sundlaug, stóra verönd og sér bílastæði inn á lóð, einnig fylgja glæsilegar þaksvallir með frábæru útsýni yfir nærliggjandi umhverfi.

Húsið afhendist með gæða heimilistækjum og loftkælingu.

Hér ertu nálægt allri þjónustu sem hugsast getur, stutt er í veitingastaði, súpermarkaði, almenningsamgöngur o.fl. Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarsvæði, að ógleymdri heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökuferð frá heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, en innan við 8 km rás er að finna fjóra 18 holu golfvelli, s.s. Villamartin golfvöllinn, Campoamor Real Golf Klúbbinn, Las Ramblas golfvöllinn og Las Colinas völlinn.

Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökuferð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!